



Menningarráð

Reykjavík, 7. september 2026

MIR26080017

Á döfinni - dagskrá menningarborgar í september

1.september var opnað fyrir umsóknir um styrkir úr borgarsjóði á sviði menningarmála

Listasafn Reykjavíkur

Sumardagskrá í Listasafni Reykjavíkur lýður undir lok og fyrsta sýningaropnun haustsins verður í Hafnarhúsi í byrjun október - sýning á pólskri samtímamyndlist úr safneign systurstofnunar í Kraká þar sem áherslan er á líkamann sem persónulegt, samfélagslegt og pólitískt átakasvæði.

Tíunda yfirlitssýning í röð haustsýninga á Kjarvalsstöðum verður opnuð á Hrekkjavöku, sýning á verkum Hrafnkels Sigurðssonar sem fengist hefur við ljósmyndaverk og ýmsa aðra miðla. Hann beinir sjónum m.a. að landslagi og umhverfi, líkamanum og hinseginleikanum.

Til stóð að loka Ásmundarsafni í haust vegna viðgerða, þeim hefur nýlega verið frestað fram yfir áramót en útlit er fyrir að í haust náist samstarf um gestasýningu í safninu og höggmyndagarðinum í kring á vegum Listvinnzlunnar - en það er skapandi og inngildandi listvettvangur og listmiðstöð allskonar listafólks.

Vinna við að skerpa ímynd og áherslur safnhúsa og starfsemi er í gangi, Hafnarhúsið er vettvangur samtímalistar og alþjóðatengsla sem höfðar til ungs fólks, listasennunar og ferðamanna. Kjarvalsstaðir er heimavöllur íslenskrar listasögu, safneignar og rannsóknar og þar er höfðað sérstaklega til fölskyldna og tryggra lókal gesta.

Ásmundarsafn er myndlistar- og menningarmiðstöð með höggmyndagarði Ásmundar í kring, þar eru samstarfsverkefni sem höfðar til ólíkra hópa og laða til sín fjölbreytta safngesti úr hverfinu í kring sem og aðra. Loks er myndlist í almannarými á forræði safnsins og unnið er að rannsóknum, viðhaldi, nýsköpun og miðlun í norrænu samráði.

Borgarbókasafn

Undirbúningur fyrir vetrarstarfið er á lokametrum og allt að verða klárt.

Samstarfsyfirlýsing um heimanámsaðstoð fyrir grunnskólabörn var undirrituð á dögunum og mun Borgarbókasafnið verða hýsingaraðili í því samstarfi. Afar ánægjulegt að heimanámsaðstoðin sé að koma aftur, en safnið var áður í samstarfi við Rauða krossinn með svipað verkefni í mörg ár.

Að venju viðburðir daglega; krílastundir í söfnum, handavinnuhittingar, púslhittingur, Saffískar bókmenntir, leikhúskaffi, Memm, reddingakaffi, saumahornið, ritsmiðjur.

Uppskeruhátíð vegna sumarlestursins var haldin 29. ágúst í Borgarbókasafninu Grófinni



Reykjavík



Borgarsögusafn

Að lokinni vel heppnaðri Menningarnótt hefst undirbúningur fyrir haustið og skólastarf Borgarsögusafns, þegar hundruðir skólabarna koma á alla sýningarstaði þess.

Í Viðey er unnið að viðhaldsframkvæmdum og endurnýjun öryggiskerfa. Undirbúningur fyrir nýtt útboð siglinga hefst í haust, en samningur við Eldingu er til apríl á næsta ári. Þá styttist í tendrun Friðarsúlu Yoko Ono, 9. okt. undirbúningur í fullum gangi.

Safnið vinnur að sögusýningu í Höfða, sem tengist 40 ár afmæli leiðtogafundarins og verður opnuð 8. okóber.

Á Ljósmyndasafninu verður ný og afar spennandi sýning opnuð 12. september, en það eru myndir Ólafs K Magnússonar, sem var fyrsti íslenski blaðaljósmyndarinn og hafi mjög mótandi áhrif á það svið. Frábært efni, sem nýverið kom til varðveislu á Ljósmyndasafninu.

Borgarsögusafn tekur þátt í Menningarminjadögum í september, með ýmsum viðburðum.

Tónlistaborg

Upprásin hófst þriðjudaginn 1. September í Kaldalóni, mánaðarleg grasrótartónleikaröð Tónlistarborgarinnar, Hörpu og Rásar 2. Stendur til maí 2027.

Residensía Reykjavík Nantes: Tónlistarkonan Rakel fer til Nantes fyrir hönd Reykjavíkurborgar 13. september, á móti kemur Mackenzie Leighton fyrir hönd Nantes borgar í vinnudvöl til Reykjavíkur 12. október.

Mikill undirbúningur í gangi fyrir Airwaves vikuna, þar sem Tónlistarborgin sér um ráðstefnuhluta hátíðarinnar ásamt Tónlistarmiðstöð, auk þess að halda utan um viðburðaröðina Bransaveislu, tónleikaröðina Elskum Plötubúðir og Opnunarviðburð Iceland Airwaves sem verður í ráðhúsinu í ár. Auk þessa viðburða er Tónlistarborgin samstarfsaðili í fjölbreyttum viðburðum í Airwaves vikunni.

Almenn vinna sem snýr að aðstöðumálum tónlistarfólks hvað varðar æfingarrými og tónleikastaði borgarinnar.

Bókamenntaborg

Smásagnahátíðin: Stelkur LIVE Ný alþjóðleg smásagnahátíð í Norræna húsinu 5.–6. september, unnin í samstarfi Reykjavík Bókmenntaborgar og bókmenntatímaritsins Stelks.

Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur Verðlaunin fyrir óútgefið handrit að barna- eða ungmennabók verða afhent 9. september.

Reykjavík Poetics Fjöltýngdir bókmenntaviðburðir í Mengi, annars vegar opin upplestrarkvöld undir merkjum Reykjavík Open og hins vegar dagskrárstýrðir viðburðir.

Orðasmiðjan: Ungar raddir Ewa Marcinek leiðir vinnustofur í skapandi skrifum fyrir skólabörn í Mengi, þar sem áhersla er lögð á ritun, sköpun og miðlun eigin texta.



Reykjavík



Ljóð og vinir Upplestrar- og tilraunakvöld í Mengi þar sem sjö skáld úr ólíkum áttum koma fram hverju sinni. Verkefnið hófst árið 2023 og hefur staðið fyrir 14 viðburðum.

Hátíðir í Reykjavík

Extreme Chill Festival, 2.–6. september. Tillrauna-, raftónlistar- og sveimtónlistarhátíð á nokkrum stöðum í miðborginni.

RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, 24. september–4. október. Ellefu daga hátíð með áherslu á sjálfstæðar kvikmyndir og nýja kvikmyndagerðarmenn.

Taste of Iceland London 10 – 12 septmber

Iceland Airwaves Off-Venue - virgin orchestra - Inspector Spacetime og DJ Hermigervill

Iceland Noir - Yrsa Sigurðardóttir and Ragnar Jónasson

Virðingarfyllst,
Arnfríður S Valdimarsdóttir
Menningarborgin
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík